



Borgarráð

Reykjavík, 17 mars 2025

MSS24120069

## Samstarfssamningur milli Sögufélags og Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samstarfssamning við Sögufélag um aðild Reykjavíkurborgar að útgáfu á sögu Íslands 2025. Samningurinn er til eins árs og miðað við útgáfu á tveimur bókum 2025 sem báðar tengjast sögu Reykjavíkur. Heildarfrjárhæð fyrir hvort rit um sögu Reykjavíkurborgar er 5,5 m.kr. Kostnaður Reykjavíkurborgar er með fyrirvara um að hann rúmist innan fjárhagsáætlunar ársins.

### Greinargerð:

Samþykkt var á fundi borgarráðs 1. febrúar 2024 tillaga borgarstjóra þess efnis að Reykjavíkurborg fari í viðræður við Sögufélag um aðkomu Reykjavíkurborgar að útgáfu Íslandssögu með mögulega samlegð og hagkvæmni í huga. Upphaf málsins má rekja til þess að á fundi borgarstjórnar 17. janúar 2023 var samþykkt að vísa tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna til meðferðar borgarráðs þess efnis að að láta útbúa drög að kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun á nýrri sögu Reykjavíkur með það að markmiði að útgáfu slíks verks gæti lokið á árinu 2036, á 250 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkur. Var málinu vísað til borgarráðs. Í greinargerð með tillögunni sagði m.a. að saga Reykjavíkur var gefin út í sex bindum í stóru broti sem út komu á árunum 1991-2002 í samvinnu Reykjavíkurborgar og bókaforlagsins Iðunnar sem sá um útgáfu. Talsverður aðdragandi var að útgáfunni því borgarstjórn samþykkti að ráðast í sagnritunina 1981. Fjórum árum síðar voru sagnfræðingarnir Guðjón Friðriksson og Eggert Þór Bernharðsson ráðnir til verksins og árið 1987 bættist sagnfræðingurinn Þorleifur Óskarsson í hópinn. Þá kemur fram í greinargerðinni að 2036, þegar Reykjavík mun fagna 250 ára afmæli sínu, verða fyrstu bækurnar í ritverkinu orðnar nærri hálfra aldar gamlar. Sögunni hefur vitaskuld fleygt fram á þessum tíma, ytri mörk borgarinnar hafa breyst og ný sjónarmið og nálganir komið fram í sagnfræði.

Sögufélag hyggur á útgáfu Íslandssögu, sem verður á formi smárita/bóka þar sem einstakir þættir sögunnar verða teknir fyrir. Ráðgert er að útgáfan telji alls 40-60 smárit á komandi áratug. Byggt er á danskri fyrirmynd, sem hefur gefið góða raun. Sögufélag er helsti fagaðli landsins í útgáfu sagnfræðiverka og mikil reynsla er þar á bæ í þeim efnum. Borgarsögusafn fékk kynningu á þessari fyrirhuguðu útgáfu Sögufélags og hugnaðist vel hvernig að málum verður staðið. Upp komu hugmyndir að kanna möguleika á því að flétta nýja útgáfu á sögu Reykjavíkur inn í þá útgáfu. Í kjölfar samþykktar borgarráðs þann 1. febrúar 2024 var farið í samningaviðræður við Sögufélag um aðkomu Reykjavíkurborgar að útgáfu Íslandssögu og liggja fyrir drög að samningi um útgáfu á tveimur smáritum/bókum á árinu 2025 í tilraunaskyni sem lagt er til að borgarráð samþykki.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri



Reykjavíkurborg

Hjálagt:

Samstarfssamningur milli Sögufélags og Reykjavíkurborgar, ódags, ásamt fylgiskjali

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna í borgarstjórn um kostnaðar og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur – 17. janúar 2023

Afgreiðslubréf: Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur – 19. janúar 2023

Tillaga borgarstjóra um að ganga til samninga við Sögufélag – samþykkt í borgarráði 1. febrúar 2024

# Samstarfssamningur milli Sögufélags og Reykjavíkurborgar um aðild Reykjavíkurborgar að útgáfu á sögu Íslands 2025

Sögufélag hefur um nokkurra ára skeið unnið að útfærslu á nýrri Íslandssögu til útgáfu. Í tengslum við 120 ára afmæli félagsins árið 2022 var lögð fram hugmynd að slíkri útgáfu við menningar- og viðskiptaráðuneytið, sem varð til þess að ríkisstjórn Íslands ákvað að veita félaginu 3,5 milljóna styrk til svo hefja mætti vinnu við undirbúning verkefnisins. Sögufélag var stofnað árið 1902 og hafði þá, og hefur enn, að höfuðmarkmiði að „gefa út tímarit, heimildarit og annað efni um sagnfræði og söguleg efni, einkum um sögu Íslands“, eins og segir í lögum þess.

Hver kynslóð skrifar sína sögu. Nú sem aldrei fyrr er brýnt að huga að því hvaða efni er tiltækt fyrir almenning og skóla um samfélagið á Íslandi á hinum miklu umbreytingatímum sem síðustu áratugir hafa verið. Nýjar kynslóðir þurfa nýjar rannsóknir og ekki síst nýja miðlun á efni fyrir sínar þarfir. Ætlunin er að gefa út nýja ritröð með fjölda smárita um sögu lands og þjóðar með nýstárlegri nálgun.

Miðlun er grundvöllur verkefnisins og aðgengileiki efnisins verður í forgrunni. Mikilvægt er að fá til samstarfs menningar- og menntastofnanir til þess að tryggja þennan árangur. Samþykkt var á fundi borgarráðs þann 1. febrúar 2024 tillaga borgarstjóra þess efnis að Reykjavíkurborg fari í frekari viðræður við Sögufélag um aðkomu Reykjavíkurborgar að útgáfu Íslandssögu með mögulega samlegð og hagkvæmni í huga. Samningurinn verði lagður fyrir borgarráð til staðfestingar og verður háður fjárhagsáætlun hvers árs. Samningur þessi er til þess gerður að raungera það samstarf.

Í samhengi við framangreint sammælast aðilar samnings þessa um að Reykjavíkurborg leggi til fjármagn við sérstaka útgáfu smárita um sögu Reykjavíkur, eins og nánar greinir í eftirfarandi ákvæðum.

## **1. grein** **Lýsing á útgáfunni**

Sögufélag hyggst á næstu árum gefa út röð smárita um sögu Íslands, um 40-60 bækur. Markhópurinn er fyrst og fremst fróðleiksfús almenningur og nemendur og því er bókunum ætlað að vera aðgengilegar fyrir öll. Lögð verður áhersla á að frásögnin sé hnitmiðuð og þægileg aflestrar en hvíli jafnframt á traustum rannsóknnum. Hver bók verður að jafnaði 100 blaðsíður og unnið verður eftir skýrri ritstjórnarstefnu þar sem gengið er út frá tilteknum atburði og ártali í hverri bók. Í ritröðinni verður saga lands og þjóðarekki sögð í tímaröð, heldur eftir ákveðnum efnum og atburðum sem settir eru í vítt samhengi í tíma og rúmi. Ritin munu því taka á fjölbreyttu efni, um allt land og á öllum tímum og sviðum. Þó svo að ákveðin rit verði sérstaklega tengd sögu Reykjavíkur, er óhjákvæmilegt að Reykjavíkursaga, saga höfuðstaðarins, komi einnig við sögu í öðrum ritum.

Efnisskipan hvers rits skiptist í þrjá meginhluta (sem síðan geta skipst í undirkafla):

### 1. *Atburðurinn (ártalið)*

Kynning: Sagt frá atburðinum, leitast við að vekja áhuga lesandans á viðfangsefninu í heild og hvers vegna það eigi erindi við fólk nú á dögum. Ein af grunnhugmyndum verkefnisins er að efnið sé ekki eingöngu mikilvægt í sjálfu sér heldur skipti einnig máli í samtíð og á komandi árum.

### 2. *Meginviðfangsefnið*

Aðalefni: Þessi hluti er hryggjarstykki bókarinnar. Atburðurinn er settur í sögulegt samhengi, fjallað um forsendur og afleiðingar og þræðir raktir langt aftur og áfram í tíma.

### 3. *Saga og samtíð*

Samtímatenging: Í lokahluta bókarinnar er fjallað um viðfangsefnið í ljósi samtíðarinnar. Hversu djúp spor hefur það skilið eftir sig? Hefur það öðlast merkingu í nýju samhengi og því verið beitt í pólitískum deilum? Í bókarlok má gjarnan snúa aftur að atburðinum sem sagt var frá í upphafi bókar.

Bækurnar verða myndskreyttar. Í hverri bók verða jafnframt rammagreinar um grip, skjal eða ljósmynd úr sarpí safna sem tengist efni bókarinnar og getur varpað ljósi á eðli sögulegra heimilda og starf sagnfræðingsins við að túlka þær. Aftast í hverri bók verða tilgreindar heimildir fyrir lesendur sem vilja kynna sér viðfangsefnið nánar. Bækurnar munu fá vandaða ritstjórn og faglegan yfirlestur af hálfu Sögufélags. Áherslan í ritröðinni er jöfnum höndum á rannsókn og miðlun. Umfjöllunin verður aðgengileg en metnaðarfull; textinn ekki of fræðilegur, markviss en óformlegur. Leitað verður samstarfs við söfn, skóla og stofnanir um land allt bæði varðandi heimildasöfnun, sýningar og aðra miðlun efnis bókanna.

## 2. grein Útgáfutíðni

Áætlað er að ritin komi út árið 2025 og nær þetta samkomulag til tveggja bóka í tilraunaskyni sem verða gefnar út á því ári.

## 3. grein Um þátt Sögufélags

Sögufélag er útgefandi ritanna, leiðir verkefnið og gerir útgáfusamninga við höfunda þeirra í samræmi við lög og reglur um höfundarétt. Sögufélag sér um alla verkefnisstjórn, ritstjórn, skrár, hönnun, prentvinnslu, kynningu, dreifingu og sölu ritanna. Sögufélag ber ábyrgð á fjármálum og fjármögnun verkefnisins og að framvinda verkefnisins sé í samræmi við áætlanir.

Stjórn Sögufélags ræður ritstjóra til að sjá um ritstjórn útgáfunnar í umboði sínu. Með ritstjórum starfar ritnefnd sem skipuð er af stjórn Sögufélags með fulltrúum með fjölbreyttan bakgrunn, þar með talið formann ritstjórnar. Útgáfustjórn ritanna er í höndum skrifstofu Sögufélags.

## 4. grein Um þátt Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg tekur þátt í útgáfunni fyrir árið 2025 með því að leggja til fjármögnun samkvæmt útgáfu og kostnaðaráætlun fyrir tvær bækur, eins og nánar er fjallað um í 6. gr. Þau rit munu efnislega tengjast sögu Reykjavíkur.

Reykjavíkurborg leggur til fulltrúa í ritnefnd heildarútgáfunnar, sem starfa með öðrum ritnefndarfulltrúum að mótun heildarverkefnisins, vali á efni og höfundum.

Reykjavíkurborg veitir sérkjör á myndefni frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur sem nýtast í útgáfunni í heild.

Reykjavíkurborg fær afhent við útgáfu gjafaeintök, af hverju riti samkvæmt samkomulagi hverju sinni.

## **5. grein**

### **Form ritanna**

Ritin verða gefin út í prentútgáfu og verða seld á hagstæðu verði. Jafnframt verður stefnt að því að skipuleggja og vinna ítarefni á vef til notkunar til að auka gildi ritanna og verkefnisins í heild.

Stefnt er að því að vinna að því að fá fleiri aðila til liðs við verkefnið til að auka fjölbreytni í miðlun og stuðla að aðgengi fyrir öll. Samningar verða þá gerðir við samstarfsaðila og lögð áhersla á fjölbreytta miðlun tengda ritanna. Hugað verði að því að ákveðin rit verði þýdd á erlend tungumál og verður þá gerður sérstakur samningur um slíka útgáfu.

Stefnt er að því að ritin verði keypt af öllum grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Þeir skólar sem kaupa ritin munu jafnframt geta fengið rafræn eintök samkvæmt nánara samkomulagi til notkunar innan skólanna vegna kennslu.

Endanlegt upplag verður ákveðið síðar en áætlanir miða við 500-1.000 eintök í upphafi verkefnis.

Bækur sem tengjast sögu Reykjavíkur verða einkenndar sérstaklega.

## **6. grein**

### **Framlög, útgreiðslur og uppgjör**

Heildarfjárhæð fyrir hvert rit er miðað við kostnaðaráætlun 2024, alls 5.500.000 króna. Fjárhæðin byggir á fjárhagsáætlun Sögufélags vegna útgáfunnar fyrir 500 bóka upplag, sbr. fylgiskjal 1. Heildarfjárhæð fyrir árið 2025 verður því 5.500.000 króna fyrir hvort rit, samtals 11.000.000 króna.

## **7. grein**

### **Meðferð ágreinings**

Uppfylli Sögufélag ekki skilmála samningsins getur Reykjavíkurborg rift samningnum og krafist endurgreiðslu framlaga fyrir þau rit um sögu Reykjavíkur sem eru óútgefin en greitt hefur verið framlag fyrir. Við riftun á Reykjavíkurborg ekki endurkröfurétt vegna framlaga fyrir útgefin rit um sögu Reykjavíkur og fellur jafnframt niður skylda Reykjavíkurborgar til frekari greiðslna samkvæmt 5. gr.

Tilkynna skal skriflega ef Sögufélag eða Reykjavíkurborg telur hvort um sig að ákvæði þessa samnings verði ekki uppfyllt eða vafi leiki á því, m.a. vegna skorts á fjárveitingu. Skal þá leggja

fram áætlun um breytta framkvæmd. Ef fyrir liggur að ákvæði þessa samnings verði ekki uppfyllt og náist ekki samkomulag um áætlun um breytta framkvæmda og breytta skilmála skal samningi þessum rift.

Aðilar skuldbinda sig til þess að leita allra leiða til að leysa ágreining, sem upp kann að koma um einstaka skilmála, með friðsamlegum hætti.

## 8. grein Samskipti

Af hálfu Sögufélags eru tengiliðir vegna framkvæmdar verkefnisins eru formaður ritnefndar Rósa Magnúsdóttir prófessor í sagnfræði (netfang: [rm@hi.is](mailto:rm@hi.is)) og Guðrún Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Sögufélags (netfang: [gudrun@sogufelag.is](mailto:gudrun@sogufelag.is)).

Af hálfu Reykjavíkurborgar eru tengiliður vegna framkvæmdar verkefnisins: Guðbrandur Benediktsson safnstjóri Borgarsögusafns (netfang: [gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is](mailto:gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is))

Samningur þessi er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík \_\_. mars 2025

f.h. Sögufélags

f.h. Reykjavíkurborgar

---

Hrefna Róbertsdóttir  
forseti Sögufélags

---

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

### Fylgiskjöl.

- Fylgiskjal 1: Kostnaðaráætlun apríl 2024 fyrir hvert hefti bókanna.

## Ný ritröð um sögu Íslands: *Íslandssögur* (vinnuheiti)

### Fjárhagsáætlun

Umfang
Tíðni
Ritstjórn
Útgefandi og útgáfustjórn
Upplag

60 bækur
6 á ári
Aðalritstjóri Kristín Svava Tómasdóttir. Ritnefnd vinnur með ritstjóra
Sögufélag
500

### Kostnaður (án vsk.)

Ritlaun/höfundarlaun
Útgáfustjórn og fjármögnun
Ritstjórn og undirbúningur
Hönnun ritraðar í heild
Umbrot
Prentun
Prófarkalestur
Þýðing á útdrætti (enska)
Rafbók og hljóðbók
Vefur og smáforrit
Auglýsingar og kynningarefni
Myndir/kort
<b>Samtals</b>
Dreifing og lagerkostnaður
<b>Heildarkostnaður</b>

Undirbúningur 2023-4	Hver bók	Ár / 6 bækur	Heild / 60 bækur
	900,000	5,400,000	54,000,000
	500,000	3,000,000	30,000,000
2,500,000	900,000	5,400,000	54,000,000
1,000,000	55,000	330,000	3,300,000
	560,000	3,360,000	33,600,000
	750,000	4,500,000	45,000,000
	200,000	1,200,000	12,000,000
	50,000	300,000	3,000,000
	170,000	1,020,000	10,200,000
	300,000	1,800,000	18,000,000
	200,000	1,200,000	12,000,000
	200,000	1,200,000	12,000,000
3,500,000	4,785,000	28,710,000	287,100,000
	717,750	4,306,500	43,065,000
<b>3,500,000</b>	<b>5,502,750</b>	<b>33,016,500</b>	<b>330,165,000</b>
3,500,000			

Veittur styrkur frá ríkisstjórn 2022:

<b>Smásöluverð m/vsk.</b>
Par af vsk.
<b>Smásöluverð án/vsk.</b>
Afsláttur (til heildsöluverðs)
<b>Heildsöluverð</b>

<b>2,900</b>
11% 287
<b>2,613</b>
35% 914
<b>1,698</b>



Borgarráð

***Tillaga um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur***

Lagt er til að borgarráð samþykki að farið verði í frekari viðræður við Sögufélag um aðkomu Reykjavíkurborgar að útgáfu Íslandssögu með mögulega samlegð og hagkvæmni í huga í samræmi við hjálagt minnisblað um tillögu um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur. Jafnframt er lagt til að skipuð verði sérstök útgáfunefnd af Reykjavíkurborg sem hefur umsjón með útgáfu á ritum borgarinnar samkvæmt samningi við Sögufélag. Samningur þess efnis verður lagður fyrir borgarráð til staðfestingar og verður háður fjárhagsáætlun hvers árs.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblað Borgarsögusafns og skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um tillögu um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur, dags. 29. janúar 2024, ásamt fylgiskjölum.





## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarsögusafn og skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

### **Tillaga um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur**

Lagt er til við borgarráð að farið verði í viðræður við Sögufélag um aðkomu Reykjavíkurborgar að útgáfu Íslandssögu sem verður á formi smárita/bóka þar sem einstakir þættir sögunnar verða teknir fyrir.

#### **Greinargerð:**

Á fundi borgarstjórnar þann 17. janúar 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna til meðferðar borgarráðs:

*Borgarstjórn samþykkir að láta útbúa drög að kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun á nýrri sögu Reykjavíkur með það að markmiði að útgáfu slíks verks gæti lokið á árinu 2036, á 250 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkur. Áætlun þessi, sem unnin skal í samráði við Borgarsögusafn, liggja fyrir eigi síðar en 1. september nk.*

Í greinargerð með tillögu Stefáns Pálssonar borgarfulltrúa segir m.a. að saga Reykjavíkur var gefin út í sex bindum í stóru broti sem út komu á árunum 1991-2002 í samvinnu Reykjavíkurborgar og bókaforlagsins Iðunnar sem sá um útgáfu. Talsverður aðdragandi var að útgáfunni því borgarstjórn samþykkti að ráðast í sagnritunina 1981. Fjórum árum síðar voru sagnfræðingarnir Guðjón Friðriksson og Eggert Þór Bernharðsson ráðnir til verksins og árið 1987 bættist sagnfræðingurinn Þorleifur Óskarsson í hópinn. Þá kemur fram í greinargerðinni að 2036, þegar Reykjavík mun fagna 250 ára afmæli sínu, verða fyrstu bækurnar í ritverkinu orðnar nærri hálfra aldar gamlar. Sögunni hefur vitaskuld fleygt fram á þessum tíma, ytri mörk borgarinnar hafa breyst og ný sjónarmið og nálganir komið fram í sagnfræði.

Með bréfi skrifstofu borgarstjórnar 1. febrúar 2023 með vísun í afgreiðslu borgarstjórnar frá 17. janúar 2023 á tillögu borgarfulltrúa Vinstri grænna um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur, ásamt fylgiskjöllum, var hún send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til meðferðar.

Borgarsögusafn hefur kannað leiðir í þessum efnunum og rætt við fjölda aðila á sviði sagnfræðirannsókna og útgáfu. Eru þessar niðurstöður helstar:

- Saga Reykjavíkur sem vísað er til í greinargerð var gríðarlega metnaðarfullt og umfangsmikið verk. Þrír af helstu sagnfræðingum landsins unnu við rannsókn og ritun í fjölda ára og bækurnar sex voru einkar glæsilegar og vandaðar í alla staði. Þær eru efnismiklar og fjalla um ýmsa ólíka þætti í sögu borgarinnar og íbúa hennar og mikið var um frumrannsóknir í þeim efnunum. Óhætt er að segja að þessi verk séu ákveðinn



hornsteinn í allri umfjöllun um sögu Reykjavíkur og standa þær vel fyrir sínu sem slíkar. Í ljósi umfangs þeirra verka, má ætla að kostnaður við sambærileg verk hlaupi á tugum milljóna.

- Þegar kemur að ákvörðun um ritun eða endurskoðun á sögu Reykjavíkur er brýnt að marka skýra sýn á ákveðin atriði varðandi tilgang og markmið við rannsóknina og miðlunina. Eins þarf að ákveða hvernig verk þetta á að vera, varðandi útgáfuna og efnistöð og ekki síst í tengslum við markhóp slíks verks. Mikilvægt er að vanda til verka við þá vinnu. Sem dæmi má nefna að full þörf er á að endurskoða ákveðna þætti sem fram koma í fyrri ritum, varðandi fyrstu byggð í Reykjavík. Nýlegar fornleifarannsóknir (m.a. í Aðalstræti) hafa bætt miklu við þekkingu um þá sögu, líkt og sjá má á Landnámssýningunni. Eins er brýnt að greina hvaða þætti úr sögunni er þörf á að rannsaka betur, þætti sem hugsanlega hefur ekki verið gefinn nægjanlegur gaumur. Má í því sambandi horfa til ýmissa hópa samfélagsins sem skort hefur rödd, ef svo má segja.
- Í ljósi reynslu útgáfuaðila, s.s. Forlagsins og Sögufélags, má ætla að markaðsforsendur fyrir stór ritverk í líkingu við *Sögu Reykjavíkur* séu verri en þær voru fyrir um tveimur áratugum. Bækur af þessari gerð seljast einfaldlega takmarkað. Það er umhugsunarefni.
- En nú liggur fyrir að Sögufélag hyggur á útgáfu Íslandssögu, sem verður á formi smárita/bóka þar sem einstakir þættir sögunnar verða teknir fyrir. Ráðgert er að útgáfan telji alls 80 smárit á komandi áratug, frá og með árinu 2024. Byggt er á danski fyrirmynd, sem hefur gefið góða raun. Sögufélag er helsti fagaðli landsins í útgáfu sagnfræðiverka og mikil reynsla er þar á bæ í þeim efnum. Í ritnefnd sitja Rósa Magnúsdóttir, Gunnar Þór Bjarnason og Kristín Svava Tómasdóttir, allt reyndir og vandaðir sagnfræðingar og höfundar fræðibóka. Áætlaður heildarkostnaður við hvert umsamið rit er á bilinu 4-5 mkr.

Borgarsögusafn hefur fengið kynningu á útgáfu Sögufélags og hugnast vel hvernig að málum verður staðið. Upp komu hugmyndir að kanna möguleika á því að flétta nýja útgáfu á sögu Reykjavíkur inn í þá útgáfu.

Kostir þess geta verið ýmsir:

- Þegar er búið að leggja drög að útgáfu þessara rita og móta hugmyndafræðina.
- Efnisval getur verið fjölbreytt og býður upp á fjölbreytni varðandi efnistöð og nálgun þannig að ólíkar raddir fái að heyrast.
- Sveigjanleiki í útgáfu og ekki eins mikil fjárhagsleg skuldbinding.

Í ljósi þessa er lagt til að farið verði í frekari viðræður við Sögufélag um aðkomu Reykjavíkurborgar að þeirri útgáfu með mögulega samlegð og hagkvæmni í huga. Í því gæti falist talsverður styrkur og slíkt samstarf gæti reynst báðum aðilum gæfuríkt. Hægt væri að semja um eitt rit í einu en miða við ákveðinn fjölda Reykjavíkurríta sem Reykjavíkurborg kæmi að í útgáfu Sögufélags og kostaði. Jafnframt yrði skipuð sérstök útgáfunefnd af Reykjavíkurborg sem hefði umsjón með útgáfu á ritum borgarinnar samkvæmt sérstökum rammamningi við Sögufélag sem yrði lagður fyrir borgarráð til staðfestingar hverju sinni og háður fjárhagsáætlun hvers árs.



Reykjavíkurborg

Guðbrandur Benediktsson  
Safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari

Hjálagt:

Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna í borgarstjórn um kostnaðar og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur – 17. janúar 2023

Afgreiðslubréf: Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur – 19. janúar 2023

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**17. janúar 2023**

## **Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur**

Borgarstjórn samþykkir að láta útbúa drög að kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun á nýrri sögu Reykjavíkur með það að markmiði að útgáfu slíks verks gæti lokið á árinu 2036, á 250 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkur. Áætlun þessi, sem unnin skal í samráði við Borgarsögusafn, liggi fyrir eigi síðar en 1. september nk.

### **Greinargerð**

Saga Reykjavíkur var gefin út í sex bindum í stóru broti sem út komu á árunum 1991-2002 í samvinnu Reykjavíkurborgar og bókaforlagsins Iðunnar sem sá um útgáfu. Aðdragandi verksins var langur. Borgarstjórn samþykkti að ráðast í sagnritunina þegar á árinu 1981. Fjórum árum síðar voru sagnfræðingarnir Guðjón Friðriksson og Eggert Þór Bernharðsson ráðnir til verksins og árið 1987 bættist sagnfræðingurinn Þorleifur Óskarsson í hópinn. Af þessu má sjá að meðgöngutími verka af þessu tagi er ekki skammur.

Árið 2036, þegar Reykjavík mun fagna 250 ára afmæli sínu, verða fyrstu bækurnar í ritverkinu orðnar nærri hálftrar aldar gamlar. Sögunni hefur vitaskuld fleygt fram á þessum tíma, ytri mörk borgarinnar hafa breyst og ný sjónarmið og nálganir komið fram í sagnfræði. Það er því ekki á nokkurn hátt á gömlu Reykjavíkursögubækurnar hallað þótt farið sé að huga að nýrri sagnritun. Þvert á móti er slík ritun orðin vel tímabær. Sívirk rannsókn og aukinn skilningur borgarbúa á sögu sinni er dýrmæt menningarleg auðlind og getur einnig skipt miklu máli varðandi ferðamennsku o.fl.

Með samþykkt tillögunnar er ekki verið að taka ákvörðun um að ráðast í sagnritun og beinn kostnaður sem af henni hlýst mun einkum felast í vinnu starfsmanna borgarinnar. Með slíkri áætlun væri hins vegar komin forsenda fyrir upplýstri ákvörðun borgarstjórnar um framhaldið í fyllingu tímans.

Borgarráð

**Afgreiðslubréf: Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun sögu Reykjavíkur**

Á fundi borgarstjórnar þann 17. janúar 2023 var samþykkt að vísa svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna til meðferðar borgarráðs:

Borgarstjórn samþykkir að láta útbúa drög að kostnaðar- og verkáætlun fyrir ritun á nýrri sögu Reykjavíkur með það að markmiði að útgáfu slíks verks gæti lokið á árinu 2036, á 250 ára kaupstaðarafmæli Reykjavíkur. Áætlun þessi, sem unnin skal í samráði við Borgarsögusafn, liggja fyrir eigi síðar en 1. september nk.

Það tilkynnist hér með.  
Greinargerð fylgir tillögunni.



Helga Björk Laxdal  
e.u.